

111

27. des.

L Ö G

um viðauka við lög nr. 50 25. maí 1950, um togarakaup ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 1. mgr. 1. gr. laganna bætist ný málsgr., þannig:

Einnig er ríkisstjórninni heimilt að kaupa einn togara innanlands og taka til þess nauðsynleg lán.

2. gr.

Á eftir 2. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast allt að 6.5 millj. króna lán til kaupa á gömlum togurum og til að setja oliukyndingartæki í þá, gegn 1. veðrétti í skipunum, enda fari ábyrgðin ekki fram úr 90% af kostnaðarverði eða matsverði skipanna með oliukyndingu.

3. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 2. gr. laga nr. 50 16. marz 1951, um breyting á lögum nr. 50/1950, um togarakaup ríkisins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 27. desember 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.

112

27. des.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 115 19. nóv. 1936, um þingsköp Alþingis.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Fyrsta málsgr. 16. gr. laganna orðist svo:

Á 2. fundi sameinaðs Alþingis skulu kosnar þessar fastanefndir:

- 1) fjárveitinganefnd, skipuð 9 mönnum,
- 2) utanríkismálanefnd, skipuð 7 mönnum og 7 til vara,
- 3) allsherjarnefnd, skipuð 7 mönnum.

Fjárveitinganefnd fjallar um frumvörp til fjárlaga og fjáráukalaga og þingsályktunartillögur, sem til hennar kann að verða vísað og fara fram á útgjöld úr ríkissjóði. Til utanríkismálanefndar skal vísað utanríkismálum. Utanríkismálanefnd kys úr sínum hópi með hlutfallskosningu 3 menn til ráðuneytis ríkisstjórninni um